

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 22. apríl 1999

um reglur bandalagsins um upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíukaup og um neysluverð á jarðolíuafurðum

(1999/280/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er fyrir fullnægjandi starfsemi innri markaðarins, einkum fyrir frjálsa vöruflutninga innan bandalagsins, að neysluverð á jarðolíuafurðum og upplýsingar um kostnað við hráolíukaup séu gagnsæ.
- 2) Í tilskipun ráðsins 76/491/EBE frá 4. maí 1976 um starfshætti bandalagsins varðandi upplýsingamiðlun og samráð um verð hráolíu- og jarðolíuafurða í bandalaginu⁽⁴⁾ er þess krafist af aðildarríkjunum að þau tilkynni framkvæmdastjórninni um upplýsingar sem ekki endurspeglar lengur ríkjandi aðstæður á olíumörkuðunum. Því ber að fella tilskipun 76/491/EBE úr gildi og nýjar reglur bandalagsins um upplýsingar koma í hennar stað.
- 3) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2964/95 frá 20. desember 1995 um að taka upp skráningu vegna

innflutnings og afgreiðslu á hráolíu í bandalaginu⁽⁵⁾ fær framkvæmdastjórnin upplýsingar um mánaðarlegan kostnað hvers aðildarríkis við olíukaup, eftir tegundum hráolíu, að því er varðar innflutning frá þriðju löndum eða afhendingu frá öðru aðildarríki en gerir henni ekki kleift að ákvarða heildarkostnað við hráolíukaup í bandalaginu.

- 4) Því er æskilegt að settar séu bandalagsreglur um upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíukaup og um neysluverð á jarðolíuafurðum.
- 5) Í reglunum er gert ráð fyrir að með reglulegu millibili sé gerð samantekt af tilteknum upplýsingum frá aðildarríkjunum um kostnað við hráolíukaup og neysluverð á jarðolíuafurðum.
- 6) Samkvæmt gildandi venju skulu aðildarríkin halda áfram að tilkynna framkvæmdastjórninni um neysluverð á jarðolíuafurðum á hverjum mánudegi eins og þau hafa gert hingað til að eigin ákvörðun. Aðildarríkin geta haldið sig við núverandi kerfi eða tekið upp nýja aðferð við gagnasöfnunina.
- 7) Með upplýsingunum sem safnað er skal vera hægt að bera saman þróun kostnaðar og olíuverðs sem sett er upp í bandalaginu.
- 8) Skattar sem lagðir eru á jarðolíuafurðir mynda hluta af söluverði þeirra og því er nauðsynlegt, til að tryggja að verð þessara afurða sé gagnsætt og til að bera saman verð sem sett er upp í bandalaginu, að neysluverð

⁽¹⁾ Stjútíð. EB C 232, 24.7.1998, bls. 10.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 313, 12.10.1998, bls. 68.

⁽³⁾ Stjútíð. EB C 407, 28.12.1998, bls. 182.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 140, 28.5.1976, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 310, 22.12.1995, bls. 5.

jarðolíuafurða sé bæði gefið upp að frádregnum tollum og sköttum og að þeim meðtöldum.

- 9) Upplýsingarnar sem safnað er og niðurstöður greininga sem framkvæmdastjórnin lætur gera skulu birtar á vettvangi bandalagsins til að tryggja gagnsæi markaðsins, auk þess sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hafa samráð um þær.
- 10) Finni framkvæmdastjórnin frávik eða ósamræmi í tölunum, sem henni eru sendar á hún að geta fengið frekari upplýsingar frá viðkomandi aðildarríki.
- 11) Skilgreina skal nánar hvernig tilkynningum skuli háttað.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um kostnað við hráolíukaup (cif-verð) og neysluverð á jarðolíuafurðum á þann hátt sem mælt er fyrir um í 3. gr. Skráin yfir jarðolíuafurðirnar er sett fram í viðauka.

Upplýsingarnar fást með því að taka saman móttekna upplýsingar og þær skal setja fram þannig að þær gefi eins skýra mynd og mögulegt er af olíumarkaðinum í hverju aðildarríki.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „kostnaður við kaup“: kostnaður við allan innflutning og afhendingu á hráolíu ásamt kostnaði við þá hráolíu sem er framleidd í aðildarríkinu;
- „innflutt hráolía“: allt magn hráolíu sem er flutt inn í bandalagið í öðrum tilgangi en til umflutnings og sem ætlað er til þarfa aðildarríkis;
- „afhending hráolíu“: allt magn hráolíu sem er flutt inn á yfirráðasvæði aðildarríkis frá öðru aðildarríki í öðrum tilgangi en til umflutnings og sem ætlað er til þarfa fyrirnefnda aðildarríkisins;
- „hráolía framleidd í aðildarríki“: öll hráolía sem er framleidd og hreinsuð í aðildarríki ef slík framleiðsla er meira en 15% af árlegum heildarhráolíukaupum aðildarríkisins;

5. „neysluverð“: það verð sem best sýnir hvaða verð neytendum í tilteknum flokki er gert að greiða.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu senda til framkvæmdastjórnarinnar upplýsingar um eftirfarandi:

- mánaðarlegan kostnað við hráolíukaup (cif-verð) í næsta mánuði á eftir þeim sem um er að ræða;
- neysluverð jarðolíuafurða, bæði að frádregnum tollum og sköttum og að meðtöldum öllum sköttum, sem í gildi er 15. dag hvers mánaðar, á næstu 30 dögum eftir 15. dag mánaðarins sem um er að ræða.

2. Samkvæmt núverandi söfnunarkerfum skulu aðildarríkin halda áfram að tilkynna framkvæmdastjórninni um neysluverð á jarðolíuafurðum, sem er í gildi á hverjum mánuðegi, að frádregnum tollum og sköttum, í síðasta lagi klukkan 12 á hádegi næsta dag.

4. gr.

Á grundvelli upplýsinganna, sem safnað er samkvæmt þessari ákvörðun, skal framkvæmdastjórnin birta á viðeigandi formi:

- í hverjum mánuði, kostnað við hráolíukaup (cif-verð) og neysluverð jarðolíuafurða, sem í gildi eru 15. dag hvers mánaðar, bæði að frádregnum og að meðtöldum tollum og sköttum;
- í hverri viku, neysluverð á jarðolíuafurðum sem í gildi er á mánuðegi, að frádregnum tollum og sköttum.

5. gr.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hafa samráð sín á milli um mál sem tengjast þessari ákvörðun, svo sem upplýsingarnar sem safnað er samkvæmt henni.

6. gr.

Farið skal með allar upplýsingar, sem eru sendar samkvæmt þessari ákvörðun, sem trúnaðarmál. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir dreifingu almennra eða samantekinna upplýsinga sem eru þannig settar fram að ekki sé unnt að tengja þær við einstök fyrirtæki, enda verða þær að taka til minnst þriggja fyrirtækja. Aðildarríki mega láta vera að gefa upp upplýsingar tengdar slíkum einstökum fyrirtækjum.

7. gr.

Finna framkvæmdastjórnin frávik eða ósamræmi í upplýsingunum sem henni eru sendar frá aðildarríkjunum getur hún farið þess á leit við aðildarríkin að fá aðgang að reiknings- og matsaðferðum sem heildarupplýsingarnar byggjast á.

8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, innan þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, samþykkja framkvæmdarákvæði um framsetningu, innihald og alla aðra þætti upplýsinganna sem kveðið er á um í 1. gr.

9. gr.

Tilskipun 76/491/EBE falli úr gildi.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. apríl 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MÜLLER

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir jarðolíuafurðir

1. vélaeldsneyti:
 - frá dælu:
 - blýbætt gæðabensín
 - blýlaust Euro 95-gæðabensín (Euro super 95)
 - dísilolía
 - fljótandi olúgas (LPG)
 2. eldsneyti til húshítunar:
 - til einkanota:
 - gasolía til upphítunar
 3. eldsneyti til atvinnureksturs:
 - á heildsöluverði:
 - brennsluolía (brennisteinsinnihald meira en 1%)
 - brennsluolía (brennisteinsinnihald ekki meira en 1%)
-